



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Atvinnumálanefnd. 7. fundur

Fundur haldinn í Atvinnumálanefnd á skrifstofu Skútustaðahrepps miðvikudaginn 15. ágúst kl. 16:00. Mættir : Böðvar Pétursson, Sólveig E. Hinriksdóttir, Ingibjörg Björnsdóttir, Leifur Hallgrímsson, Halldór Árnason og fjallskilastjóri Birgir V. Hauksson.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund.

2. Bréf frá Bergþóru Eysteinsdóttur.

Bergþóra óskar eftir að verða leyst undan gangnaskyldu haustið 2012 þar sem allt hennar fé gengur í heimalandi.
Atvinnumálanefnd samþykkir það.

3. Niðurjöfnun gangna.

Gangnaforingi Neðri-Miðfjalla Ólöf Hallgrímsdóttir hefur sagt af sér, Jónas Pétur Pétursson og Halldór Árnason taka við. Gylfi Yngvason hættir sem gangnaforingi í Krákárbakkahólfi og Ingibjörg Björnsdóttir tekur við.

Í hreppnum eru skv. forðagæsluskýrslum 4495 fjár, fjártala til niðurjöfnunar á Austurafrétti eru 1890.

Jafnað var niður 152 dagsverkum á Austurafrétti, sjá gangnaseðil.

Fyrstu göngur á Austurafrétt verða 31. ágúst og 1. september og réttað verður í Hlíðarrétt sunnudaginn 2. september.

Ákveðið var að fara í fyrstu göngur í Gæsafjöll helgina 15. – 16. september og fara í Neðri-Miðfjöll í 2. göngur sömu helgi, þriðju göngur í Neðri-Miðfjöll verða helgina 22.-23. september.

Aðrar göngur á önnur svæði verða helgina 22. – 23. september og þriðju göngur 29. september.

Fyrstu göngur á Suðurafrétt verða 1. og 2. september og fyrstu göngur í Krákárbakkahólf verða 31. ágúst – 1. september, réttað verður í Baldursheimsrétt 2. september.

Réttarstjóri mun húa mönnum saman til að gera við Hlíðarrétt.

4. Réttardagur 2013.

Töluverðar umræður urðu um hvenær eigi að rétta í Hlíðarrétt, og eins og fram hefur komið var ákveðið að rétta 2. september þetta árið. Þá var ákveðið að

stefna að því að öllu óbreyttu að seinka göngum fyrir árið 2013 um eina viku og rétta í Hlíðarrétt sunnudaginn 8. september 2013.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Böðvar Pétursson
Halldór Árnason
Ingibjörg Björnsdóttir
Leifur Hallgrímsson
Sólveig E. Hinriksdóttir